



Starfsmannastefna Byggðastofnunar

1. Inngangur

Byggðastofnun býr að áhugasömu og hæfu starfsfólki sem hefur tækifæri til að rækta þekkingu sína og færni í jákvæðu starfsumhverfi.

Byggðastofnun fylgir lögum og reglum um ríkisstofnanir og opinbera starfsmenn auk lagaramma um fjármálafyrirtæki.

2. Markmið

Byggðastofnun setur sér eftir greind markmið:

- að veita og vera þekkt fyrir góða og fagmannlega þjónustu
- að njóta virðingar og trausts
- að hafa í störfum hæfa, áhugasama og trausta starfsmenn
- að leggja áherslu á vandvirkni, skilvirkni og hvetjandi starfsumhverfi
- að tryggja vinnuaðstöðu, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað
- að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæfa og metnaðarfulla starfsmenn
- að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn og stuðlað sé að góðu jafnvægi á milli vinnu og einkalífs
- að gefa starfsmönnum kost á fræðslu og endurmenntun við hæfi
- að framfylgja lögum og reglum um jafnréttismál

3. Áherslupættir

Áherslupættir í starfsmannastefnu Byggðastofnunar eru einkum þessir:

- faglegur ráðningarferill, kynning og frumþjálfun nýrra starfsmanna
- skráðar starfslýsingar fyrir hvert starf
- þátttaka í kostnaði við endurmenntun og starfsþróun
- jafnrétti
- virðing í samskiptum; einelti, ofbeldi, fordómar og kynbundin eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin og sérstök stefna verið sett þar um
- sveigjanlegur vinnutími og orlof taki m.a. mið af fjölskylduþörfum
- stundvísi starfsmanna, skráning fjarveru
- fjarvinnustefna og stefna um óstaðbundin störf
- stuðningur við heilbrigði starfsfólks
- stuðningur við starfsmannafélag
- starfsmannafundir, regluleg starfsmannaviðtöl
- skapa gott vinnuumhverfi, þ.m.t. tækjabúnaður, vinnuaðstaða, hollustuhættir, umgengni og snyrti mennska
- öryggisreglur, brunamál, slysavarnir á vinnustað
- mötuneyti, kaffiaðstaða
- starfslokaviðtal

4. Gildi

Gildi Byggðastofnunar eru:

- Traust: Við erum áreiðanlegur og traustur samstarfsaðili. Við leggjum áherslu á gott samstarf innan sem utan veggja Byggðastofnunar.
- Fagmennska: Við búum yfir mikilli þekkingu og reynslu og höfum það að leiðarljósi að leggja okkur fram við að vinna af fagmennsku.
- Framsækni: Við horfum til framtíðar og erum vakandi fyrir nýjum nálgunum í okkar viðfangsefnum.

5. Annað

Stefnan skal kynnt starfsfólki og vera aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar.

Forstjóri ber ábyrgð á framfylgd stefnunnar og uppfærslu hennar eftir þörfum.

Stefnan leysir af hólmi eldri stefnu frá 6.12.2013.

Samþykkt á fundi stjórnar Byggðastofnunar 6. júní 2024